



Bæjarstjórn Garðabæjar 5. (864)/2020

Boðað er til 5. (864). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 19. mars 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2003009F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/3 '20
2003030 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi sameiginlega vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, dags. 18.12.19.
2. 2003024F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/3 '20.
1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Garðahraun efra-Fólkvangur.

1903082 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Bæjargarð.

2002116 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Löngumýri 3.

2003107 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts.
3. 2003006F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 6/3 '20.
4. 2003014F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 13/3 '20.
5. 2002039F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla Garðabæjar frá 2/3 '20.
6. 2003012F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/3 '20.
7. 1911029F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 25/11 '19.
8. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 2/3 og 6/3 '20.
9. 1911325 - Ársreikningur Garðabæjar 2019 - fyrri umræða

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
4. (863). fundur 2020

Fimmtudaginn 5. mars 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 20. febrúar 2020 er lögð fram.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og óskaði Lisseth Acevedo Mendez til hamingju með 2. sætið á Íslandsmóti kvenna í skák sem haldið var í Sveinatungu dagana 27. febrúar – 2. mars 2020.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2002031F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/2 '20.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin sem er 15 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2002042F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/3 '20.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 5. tl., bréf Sorpu bs. varðandi beiðni um samþykki fyrir tímabundinni lántöku og vakti athygli á bréfi Sorpu bs. sem sent var bæjarfulltrúum í dag, dags. 4. mars 2020 og varðar beiðni um afhendingu gagna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., bréf Sorpu bs. varðandi beiðni um samþykki fyrir tímabundinni lántöku. Sara Dögg ítrekaði afstöðu sína til málsins sem fram kemur í bókun í fundargerð bæjarráðs. Sara Dögg kvaðst sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Almar Guðmundsson, ræddi 9. tl., erindi Hrafnistu til Sjúkratrygginga Íslands um fjölgun dagdvalarrýma á Ísafold.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., tilkynningu frá kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi stöðu kjaramála, 6. tl., tillögu starfshóps um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um val á yfirmarkmiðum og 7. tl., bréf Beit Sahour Municipality um vinabæjartengsl.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 5. tl., bréf Sorpu bs. varðandi beiðni um samþykki fyrir tímabundinni lántöku og 7. tl. bréf Beit Sahour Municipality varðandi vinabæjartengsl.

Gunnar Einarsson, ræddi, 1. tl., tilkynningu frá kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi stöðu kjaramála, 7. tl., bréf Beit Sahour Municipality varðandi vinabæjartengsl og 5. tl., bréf Sorpu bs. varðandi beiðni um samþykki fyrir tímabundinni lántöku

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 5. tl., bréf Sorpu bs. varðandi beiðni um samþykki fyrir tímabundinni lántöku og 9. tl., erindi Hrafnistu til Sjúkratrygginga Íslands um fjölgun dagdvalarrýma á Ísafold.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju 5. tl., bréf Sorpu bs. varðandi beiðni um samþykki fyrir tímabundinni lántöku.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 5. tl., bréf Sorpu bs. varðandi beiðni um samþykki fyrir tímabundinni lántöku.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,AG,JS,GE,GS) beiðni stjórnar SORPU bs. um heimild til að auka tímabundið skammtímalántöku allt að 600 mkr. í formi yfirdráttarheimildar umfram forsendur fjárhagsáætlunar 2020. Tilgangur lántökunnar er til að skapa stjórnendum félagsins nauðsynlegt svigrúm til að undirbúa endurskoðun fjárhagsáætlunar og leggja grunn að traustri fjármálastjórn félagsins.

Bæjarfulltrúar Garðabæjarlistans (SDS,IA,HÞ) sitja hjá við afgreiðslu máslins.

Fundargerðin sem er 11 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2002033F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 26/2 '20.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., tillögu Garðabæjarlistans um úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ og 4. tl., stöðu biðlista eftir félagslegu húsnæði.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., tillögu Garðabæjarlistans um úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ og 4. tl., stöðu biðlista eftir félagslegu húsnæði. Sara Dögg ræddi stöðu fátæks fólks á Íslandi.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 4. tl., stöðu biðlista eftir félagslegu húsnæði og 2. tl., tillögu Garðabæjarlistans um úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 2. tl., tillögu Garðabæjarlistans um úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi velferð barna í Garðabæ.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., stöðu biðlista eftir félagslegu húsnæði og 2. tl., tillögu Garðabæjarlistans um úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ. Þá ræddi Ingvar stöðu fátæks fólks á Íslandi.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., tillögu Garðabæjarlistans um úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ og 4. tl., stöðu biðlista eftir félagslegu húsnæði.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 2002025F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 21/2 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., vetrarhátíð, 3. tl., þriðjudagsklassík, 4. tl., jasshátíð, 7. tl., listadaga barna og ungmenna og 8. tl., sumaropnun á Króki í samstarfi við Garðakirkju.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2002032F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla Garðabæjar frá 27/2 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2001026F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 23/1 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 24/2 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 21/2 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2001272 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 28/2 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 12/2 '20.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., friðlýsingu Búrfellsgjár, 4. tl., stjórnunar- og verndaráætlun Reykjanesfólkvangs og 14. tl., vegakerfi í fólkvangnum.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 4. tl., stjórnunar- og verndaráætlun Reykjanesfólkvangs og 14. tl., vegakerfi í fólkvangnum.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 4. tl., stjórnunar- og verndaráætlun Reykjanesfólkvangs.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/2 '20.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu og sagði frá undirbúningi að stofnun félags um verkefni samgöngusáttmála.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 2001493 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 21/2 '20.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., kynningu á tillögu á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar á svæði við Vífilsstaði og á Hnoðraholti.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 2001494 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 26/2 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 2003017 - Fundargerð 21. eigendafundar Sorpu bs. frá 17/2 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

15. 1909059 - Tillaga Garðabæjarlistans um beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn beinir því til forseta bæjarstjórnar að heimila útsendingar bæjarstjórnarfunda í gegnum facebooksíðu Garðabæjar þar til hægt verður að fjármagna tillögu Garðabæjarlistans sem fór fyrir fjárhagsáætlunargerð í desember síðastliðnum, um uppsetningu upptökubúnaðar til beinna útsendinga.“

Greinargerð

Garðabæjarlistinn hefur frá upphafi lagt þunga áherslu á gagnsæi í allri upplýsingagjöf og einn liður í þeirri vegferð eru beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum. Tillaga um slíkt hefur þegar verið lögð fram en var því miður synjað við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í desember síðastliðnum. Með því að opna á heimild til útsendinga með jafn einföldum hætti og að senda fundi út í beinni útsendingu af facebooksíðu Garðabæjar, <https://www.facebook.com/Gardabaer.Iceland/> má auðveldlega mæta mikilvægi gagnsæis og góðri upplýsingagjöf frá pólitískri umræðu þar til svigrúm næst til þess að fjármagna þann búnað sem til þarf. Tillagan er lögð fram í bæjarstjórn, þar sem samkvæmt 16. gr. um stjórn Garðabæjar; Fundarsköp – vald forseta, þarf leyfi forseta bæjarstjórnar til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað til bæjarráðs.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Valborg Ösp á Warén, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkti að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 5. mars 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Valborg Ösp Á Warén, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
10. (1919). fundur 2020

Þriðjudaginn 10. mars 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001164 - Útboð framkvæmda á skíðasvæðum. (kynning frá SSH)

Á fund bæjarráðs mættu Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH, Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Aðalsteinn Sigurbórsson frá VSÓ. Páll Björgvin gerði grein fyrir skipuriti með verkefnastýringu framkvæmda á skíðasvæðunum á tímabilinu 2018 - 2025 og fór yfir hlutverk verkefnahóps sem skipaður hefur verið til að hafa með höndum samræmingu, eftirlit og upplýsingagjöf um framvinda skilgreindra nýframkvæmda.

Umræða var um skýrleika skipuritsins og komu fram athugasemdir varðandi gagnsæi o.fl. frá Söru Dögg Svanhildardóttur.

Magnús fór nánar yfir uppbyggingu á skíðasvæðunum til ársins 2025 og gerði grein fyrir útboðsgögnum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og kaupum á skíðalyftum og snjóframleiðslubúnaði fyrir skíðasvæðin. Fram kom að stefnt er að því að útboð verði auglýst í mars.

2. 2001287 - Ránargrund 1 -Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóni Inga Young, kt. 010853-3039, leyfi til að stækka núverandi hús við Ránargrund 1.

3. 2001147 - Þrastanes 10 -Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jónu Sigríði Einarsdóttur, kt. 310365-3009, leyfi til byggingar einbýlishúss að Þrastanesi 10.

4. 1912289 - Iðnbúð 2 -Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hagbyggj ehf., kt. 650116-0700, leyfi til að breyta efri hæð úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði með átta íbúðum að Iðnbúð 2.

5. 2003030 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi sameiginlega vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, dags. 18.12.19.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samning sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um viðhald grunnvatns- og rennslilíkans á höfuðborgarsvæðinu.

6. **1811027 - Tilboð í lóðir á miðsvæði Álftaness.**
Eftirfarandi tilboðs bárust í lóðir á miðsvæði Álftaness.

Breiðumýri (allar lóðir)	
Óstofnað félag - Þingvangur og ísl, fasteignir ehf.	kr. 1.069.200.000
Reir verk ehf.	kr. 985.000.000
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.	kr. 651.000.000
FS Glaðheimar ehf.	kr. 422.000.000
Fiðluhús ehf.	kr. 360.000.000
Sérverk ehf.	kr. 355.000.000

Lambamýri	
Dverghamrar ehf	kr. 378.000.000
Óstofnað félag - Þingvangur og ísl, fasteignir ehf.	kr. 356.400.000

Grásteinsmýri	
Dverghamrar ehf	kr. 546.000.000
Óstofnað félag - Þingvangur og ísl, fasteignir ehf.	kr. 356.400.000

Hestamýri	
Dverghamarar ehf	kr. 462.000.000
Óstofnað félag - Þingvangur og ísl, fasteignir ehf.	kr. 356.400.000
F6569 ehf.	kr. 270.000.000
FS Glaðheimar ehf.	kr. 171.000.000

Bæjarráð vísar málinu á þessu stigi til nánari skoðunar bæjarstjóra.

7. **1909059 - Tillaga Garðabæjarlistans um beina útsendingu frá bæjarstjórnarfundum.**

Bæjarstjóri kynnti hugmyndir um fyrirkomulag og kostnað við beinar útsendingar á bæjarstjórnarfundum.

Bæjarráð samþykkir hafinn verði undirbúningur að beinum útsendingum frá fundum bæjarstjórnar og að settar verði reglur um hljóð- og myndupptökur.

Ákvörðun um kaup á streymis- og upptökubúnaði er vísað til fjárhagsáætlunar 2021.

8. **2003082 - Tilkynning ÚUA um kæru Dalsnes ehf. varðandi skipulag lóðarinnar Hrauntungu, dags. 04.03.20.**

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins sem landeiganda.

9. **1805051 - Fundargerðir samráðshóps um viðbyggingu við golfskála GKG.**

Lagðar fram fundargerðir 1. og 2. fundar samráðshóps um viðbyggingu við golfskála GKG.

10. **1910251 - Bréf Land lögmanna varðandi framkvæmdir að Reynilundi 11, dags. 28.02.20**

Bæjarráð telur ekki að svo stöddu nauðsyn á að grípa til þvingunarúrræða vegna framkvæmda sem hafnar eru við bílskúr að Reynilundi 11 og vísar í því sambandi til þess að samþykkt hefur verið nýtt deiliskipulag fyrir Lundahverfi. Það verður því ekki talið að almannahagsmunir krefjist þess að gripið sé nú þegar til sérstakra aðgerða.

Bæjarráð vísar bréfinu til frekari úrvinnslu byggingarfulltrúa.

11. 2003106 - Erindi varðandi félagslegt samstarf ungmenna í Búlgaríu og á Íslandi, dags. 03.03.20.

Bæjarráð vísar bréfinu til íþróttá- og tómstundaráðs.

12. 2003109 - Bréf Garðálfa, kór eldri borgara á Álftanesi varðand styrk, dags. 05.03.20.

Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

13. 2003111 - Tillaga að breytingum á reglum um styrki til náms í leikskólakennarafræðum.

Bæjarráð samþykkir tillögur að breytingum á reglum um styrki til náms í leikskólakennarafræðum.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 10. mars 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
11. (1920). fundur 2020

Þriðjudaginn 17. mars 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911325 - Ársreikningur Garðabæjar 2019.

Magnús Jónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG og Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri mættu á fund bæjarráðs.

Magnús Jónsson gerði grein fyrir rekstri bæjarins á árinu 2019, efnahagsreikningi í árslok og skýringum í ársreikningi. Fjallað var um lykiltölur og helstu niðurstöður.

Bæjarráð samþykkir framlagðan ársreikninginn Garðabæjar 2019 samkvæmt 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningur er undirritaður og vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar. Fyrri umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð á fundi bæjarstjórnar 19. mars 2020 og síðari umræða á fundi bæjarstjórnar 2. apríl 2020.

2. 2001444 - COVID-19 - neyðarstig almannavarna.

Bæjarstjóri gerði almennt grein fyrir aðgerðum bæjarins vegna neyðarstigs almannavarna og reglum heilbrigðisráðherra um takmörkun á skólahaldi og samkomum. Lýsti hann verkefninu framundan við að halda starfsemi bæjarins gangandi og hvernig einstaka vinnustaðir eru að bregðast við til að veita þjónustu en um leið að verja vinnustaðinn og starfsmennina með takmörkun á aðgengi og fjarvinnu. Bæjarstjóri sagði frá hugmyndum um aðkomu sveitarfélaganna að efnahagsaðgerðum. Sviðstjórnar gerðu grein fyrir aðgerðum og helstu áherslum sem verið er að vinna að varðandi starfsemi sem fellur undir þeirra svið.

Upplýsingastjóri sagði frá samskiptum og samráði við almannavarnir og upplýsingastjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu varðandi almenna upplýsingamiðlun til íbúa á rsvæðinu.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

3. 2003237 - Tilkynning frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi frumvarp til að tryggja að sveitarstjórnir geti starfað við neyðarástand, dags. 12.03.20.

Lögð fram.

4. 2002116 - Langamýri 3 -Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Birgi Þór Karlssyni, kt. 020657-2279, leyfi fyrir innri breytingum við núverandi hús að Löngumýri 3.

5. 1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Garðahraun efra-Fólkvangur.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja að nýju samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um deiliskipulag fyrir fólkvanginn Garðahraun efra. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum. Skipulagsnefnd samþykkti að leggja til

eftirfarandi breytingar við auglýsta tillögu. Stikuð leið sem liggur til vesturs frá aðalstíg í miðjum fólkvangi sunnan við Hádegishól verði felld út. Gert verði ráð fyrir aðalstíg sem liggur með deiliskipulagsmörkum Molduhrauns frá fyrirhuguðum aðalstíg meðfram fyrirhugaðri stofnbraut (framlenging Álftanesvegur) að tengingu við aðalstíg í miðjum fólkvangi til móts við lóðina Vesturhraun 5. Deiliskipulagssvæði fólkvangsins stækki sem nemur breidd stígsins á kostnað deiliskipulagssvæðis Molduhrauns. Tenging frá aðalstíg í miðjum fólkvangi að Molduhrauni til móts við Vesturhraun 5 breytist úr stikaðri leið. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Tillaga skipulagsnefndar er lögð fyrir að nýju þar sem allar tilskildar umsagnir lágu ekki fyrir við afgreiðslu málsins í bæjarstjórn 5. september 2019.

6. 1903082 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Bæjargarð.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja að nýju samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum. Skipulagsnefnd samþykkti að leggja til eftirfarandi breytingar við auglýsta tillögu. Stígur, skilgreindur sem "aðrir stígar" sem tillaga gerir ráð fyrir vestur frá aðalstíg í hrauninu að fyrirhugaðri stofnbraut (framlenging Álftanesvegur) fyrir norðan Hádegishól verði felldur út. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Tillaga skipulagsnefndar er lögð fyrir að nýju þar sem allar tilskildar umsagnir lágu ekki fyrir við afgreiðslu málsins í bæjarstjórn 5. september 2019.

7. 2002116 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Löngumýri 3.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á einbýlishúsinu við Löngumýri 3. Fallið var frá grenndarkynningu samkvæmt heimild í 2. ml. 3. mgr. 44. gr skipulagslaga þar sem leyfisskyld framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.

8. 2001227 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Iðnbúð og Smiðsbúð.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Iðnbúðar og Smiðsbúðar vegna stækkunar á byggingarreit lóðarinnar við Smiðsbúð 3. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bærust engar athugasemdir. Breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

9. 2003107 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um óverulega breyting á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts er varðar lóðir við Mariugötu 2-24, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að mænishæð allra raðhúsa í Mariugötu sem liggja að opna svæðinu Miðgarði lækkar um 1 metra eða úr 6 metrum í 5 metra.

Skipulagsnefnd samþykkir samkvæmt í heimild í 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda/lóðarhafa.

10. 2003119 - Tilkynning frá stjórnarráðinu varðandi skýrslu starfshóps um hvernig draga megi úr neikvæðum áhrifum mengunar frá flugeldum, dags. 06.03.20.

Lögð fram.

11. 2002152 - Fundarboð/frestun aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga 2020.

Lögð fram tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um frestun á landsþingi sambandsins og frestun á aðalfundi Lánasjóðs sveitarfélaga.

12. 2003149 - Tilkynning frá Umhverfisstofnun varðandi áætlun um refaveiðar 2020-2022, dags. 06.03.20.

Lögð fram.

13. 2003046 - Drög að samstarfssamningi og vallarsamningi Garðabæjar og UMFÁ.

Bæjarráð samþykkir samstarfssamning við UMFÁ og samning um rekstur íþróttasvæðis.

14. 2002397 - Drög að samningi Garðabæjar og Skátafélagsins Vífils um hátíðarhöld á sumardaginn fyrsta og 17. júní.

Bæjarráð samþykkir samning við Skátafélagið Vífil um framkvæmd hátíðarhalda á sumardaginn fyrsta og 17. júní í Garðabæ.

15. 2003233 - Drög að samstarfssamningi Garðabæjar og Skátafélagsins Svana.

Bæjarráð samþykkir samstarfssamning við Skátafélagið Svani.

16. 2002186 - Opnun tilboða í gatnagerð í Breiðumýri á miðsvæði Álftaness.

Eftirfarandi tilboð bárust í útboði vegna framkvæmda við gatnagerð í Breiðumýri.

Karina ehf.	kr. 204.633.900
Loftorka Reykjavík ehf	kr. 204.280.000
Grafa og grjót ehf.	kr. 232.668.200
Garðyrkjupjónustan ehf.	kr. 274.497.600
PK Verk ehf.	kr. 248.345.000
Jón og Margeir ehf.	kr. 219.740.000
D. ING - Verk ehf.	kr. 259.963.500
Óskatak ehf.	kr. 225.902.600
Bjössí ehf.	kr. 247.000.000
Berg verktakar	kr. 228.174.500
Háfell ehf.	kr. 211.500.370
Ístak ehf.	kr. 260.689.262
Kostnaðaráætlun	kr. 235.410.110

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Loftorku Reykjavík hf., með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að liða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

17. 1811027 - Tilboð í lóðir á miðsvæði Álftaness.

Tilboð voru lögð fram á fundi bæjarráðs 10. mars 2020.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum forsvarsmenn Dverghamra ehf. sem áttu hæstu boð í einstaka

lóðir og viðræðum við forsvarsmenn óstofnaðs félags á ábyrgð Þingvangs ehf. og Íslenskra fasteigna ehf. sem átti hæsta boð í allar þrjár lóðirnar.

Bæjarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

18. 2003234 - Bréf Kvenfélags Garðabæjar varðandi hátíðarhöld 17. júní, dags. 12.03.20.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindi um að hátíðarhlaðborð á 17. júní nk. verði í Sveinatungu, fundarsal bæjarstjórnar ásamt því að vera á innitorgi á Garðatorgi. Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu og úrlausnar bæjarstjóra.

19. 2003235 - Bréf Kvenfélags Garðabæjar varðandi samkomulag um rekstur samkomuhússins að Garðaholti, dags. 12.03.20.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara.

20. 2003236 - Bréf kórs Vídalínskirkju varðandi styrk vegna söngferðalags til Ungverjalands, dags. 10.03.20.

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu við úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2020.

21. 1911304 - Drög að samningi við Parallel ráðgjöf ehf. varðandi þjónustu við mótun verkefna í stafrænni framþróun.

Bæjarráð samþykkir samning við Parallel ráðgjöf ehf. varðandi ráðgjöf við mótun verkefna í stafrænni framþróun.

22. 2003252 - Bréf Myndstefs varðandi meint brot á sæmdarrétti höfundar, dags. 11.03.20.

Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 17. mars 2020 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar
19. fundur 2020

Föstudaginn 6. mars 2020 kl. 15:00 kom íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Þorsteinn Júlíus Árnason varamaður og Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2002397 - Samningur um 17. júní 2020

ÍTG samþykkir þau drög sem liggja fyrir að samningi við Vífil um sumardaginn fyrsta og sautjándajúníháttíðarhöldin í Garðabæ.

2. 2003046 - Samningar við UMFÁ 2020 til 2022

ÍTG samþykkir drög að samstarfssamningi Garðabæjar við UMFÁ 2020 til 2022. Einnig samþykkir ÍTG drög að samningi Garðabæjar við UMFÁ um rekstur og umsjón íþróttavallarsvæðisins við Breiðumýri 2020 ? 2022.

3. 2002367 - Júlíana Karítas Jóhannsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk til Júlíönu Karítas Jóhannsdóttur að upphæð kr. 20.000,- vegna verkefnis með Badminton sambandi Íslands í Danmörku 27.02.2020.

4. 2002392 - Gólf og ljós íþróttahúss Álftanesi

Unnið er að útboði á viðhaldsverkefnum í íþróttahúsinu á Álftanesi er varðar lagfæringar á gólfi og ljósum í íþróttasal og búningasklefum. Einnig verður boðin út lýsing við gervigrasvöllinn á Álftanesi. Stefnt er að því að klára þessi verk fyrir 1. september 2020.

5. 1906094 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og

ÍTG fagnar þeirri vinnu sem farið hefur fram hjá Garðabæ við val á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og mun nýta þá vinnu og tengja við forvarnarstefnu bæjarins sem nú er í vinnslu.

6. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar

Vinnuskjal um nýja forvararáætlun Garðabæjar með tengingum við "heimsmarkmið Sameinuðuþjóðanna" var kynnt. Ákveðið að taka sérstakan vinnufund ÍTG um stefnuna 27. mars nk. til að klára skjalið áður en það fer til kynningar í öðrum nefndum.

Fleira ekki gert.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
3. fundur 2020

Föstudaginn 13. mars 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Skipulagsráðgjafar, Jóhanna Helgadóttir Eflu og Þráinn Hauksson Landslagi kynntu stöðu á mótun tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilstaðalands og verður sett fram sem rammahluti aðalskipulags.

Tillögu vísað til frekari úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og hjá tækni- og umhverfissviði.

Tillögu vísað til kynningar í umhverfisnefnd, íþrótt- og tómstundaráði, grunnskólanefnd og leikskólanefnd.

2. 1803108 - Norðurnes Álfтанess, deiliskipulag

Skipulagsráðgjafar, Þráinn Hauksson Landslagi ehf og Björn Guðbrandsson Arkís ehf kynna drög að tillögu að deiliskipulagi Norðurness á Álfтанesi.

Drögum vísað til kynningar í umhverfisnefnd og íþrótt- og tómstundaráði. Drögin skulu kynnt landeigendum á Norðurnesi.

3. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Skipulagsráðgjafi, Þráinn Hauksson landslagi kynnti drög að tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem byggir á tillögu að deiliskipulagi Norðurness. Drögum vísað til kynningar í umhverfisnefnd og íþrótt- og tómstundaráði. Drögin skulu kynnt landeigendum á Norðurnesi.

4. 1811125 - Urriðaholt Norðurhluti 4 - deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 að lokinni auglýsingu. Umsagnir sem borist hafa lagðar fram. Engar athugasemdir bárust innan tilskilins frests. Vísað til úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

5. 1912215 - Urriðaholt Viðskiptastræti - fellt úr gildi

Tillaga um niðurfellingu deiliskipulags Viðskiptastrætis í Urriðaholti lögð fram. Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

6. 1912217 - Urriðaholt norðurhluti 1 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Tillaga um breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 1 sem gerir ráð fyrir breyttum ákvæðum um skjólveggi á almennum skilmálum lögð fram að lokinni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

7. 1912218 - Urriðaholt norðurhluti 2 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Tillaga um breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 2 sem gerir ráð fyrir breyttum ákvæðum um skjólveggi á almennum skilmálum lögð fram að lokinni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

8. 1912219 - Urriðaholt norðurhluti 3 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Tillaga um breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 3 sem gerir ráð fyrir breyttum ákvæðum um skjólveggi á almennum skilmálum lögð fram að lokinni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

9. 1912213 - Urriðaholt norðurhluti 3 - afmörkun svæðis - deiliskipulagsbreyting

Tillaga um breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 3 sem gerir ráð fyrir breyttri afmörkun deiliskipulagssvæðis til samræmis við tillögu að deiliskipulagi Urriðaholts norðurhluta 4. Engar athugasemdir bárust. Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

10. 1912220 - Urriðaholt austurhluti 1 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Tillaga um breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta 1 sem gerir ráð fyrir breyttum ákvæðum um skjólveggi á almennum skilmálum lögð fram að lokinni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

11. 1912214 - Urriðaholt austurhluti 1 - afmörkun svæðis - deiliskipulagsbreyting

Tillaga um breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta 1 sem gerir ráð fyrir breyttri afmörkun deiliskipulagssvæðis til samræmis við tillögu að deiliskipulagi Urriðaholts norðurhluta 4. Engar athugasemdir bárust. Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

12. 1912216 - Urriðaholt vesturhluti - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Tillaga um breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem gerir ráð fyrir breyttum ákvæðum um skjólveggi á almennum skilmálum lögð fram að lokinni auglýsingu. Engar athugasemdir bárust. Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

13. 1812022 - Garðahraun efra-Fólkvangur, deiliskipulag

Lagfærður deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð lögð fram ásamt umsögnum sem borist hafa frá því að deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn að lokinni auglýsingu. Einnig lögð fram tillaga að svörum við innsendum athugasemdum. Umsagnir kalla ekki á breytingu á samþykktri tillögu. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og svör við athugasemdum.

14. 1903082 - Bæjargarður, stígakerfi, dsk breyting.

Lagfærður deiliskipulagsuppdráttur lagður fram ásamt svörum við innsendum athugasemdum. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og svör við athugasemdum.

15. 2002116 - Langamýri 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir nokkrum innanhúsbreytingum íbúðarhússins. Sýnd er íbúð í kjallara sem til þessa hefur ekki komið fram á uppdráttum. Ekkert deiliskipulag telst í gildi í Löngumýri. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stoðíbúð í kjallara á meðan að húsið er óskipt eign. Skipulagsnefnd fellir grenndarkynningu niður þar sem að byggingarleyfið varðar ekki hagsmuni annara en umsækjanda og leyfisveitanda sbr. 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfið verði veitt.

16. 2003107 - Mariúgata 2-24 - Lækkun hámarkshæðar

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta 1 sem gerir ráð fyrir því að mænishæð allra raðhúsa í Mariúgötu sem liggja að opna svæðinu Miðgarði lækki um 1 metra, úr 6 metrum í 5. Húsin eru raðhús að gerð R1 og eru ákvæði um mænishæð sett fram í sérskilmálum þeirrar húsgerðar í kafla 4.8.4. í deiliskipulagsgreingargerð.

Skipulagsstjóri gerir grein fyrir fundi með lóðarhöfum, deiliskipulagshöfundum og framkvæmdastjóra Urriðaholts ehf. Þar kom fram að skipulagshöfundur og Urriðaholt leggjast ekki gegn tillögunni.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta 1 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Skipulagsnefnd fellir niður grenndarkynningu í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. gr. sömu laga þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annara en lóðarhafa og sveitarfélagsins.

17. 2001227 - Smiðsbúð 3 - skipulagsmál

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Smiðsbúð 3 sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Skipulagsstjóri vísaði tillögunni til grenndarkynningar sem er nú lokið. Engar athugasemdir bárust. Skipulagsnefnd samþykkir breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Iðnbúðar/Smiðsbúðar.

18. 2002062 - Landsvæði til útikennslu og ræktunar

Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

19. 1906094 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Lagt fram. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við val á verkefnum.

20. 2002127 - Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýju dsk. fyrir Leiðarenda.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
17. fundur 2020

Mánudaginn 2. mars 2020 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara og Baldur Freyr Ólafsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Í upphafi fundar óskaði formaður skólanefndar eftir að bæta á dagskrá máli um Covid 19 veirusýkingu og viðbrögð grunnskóla í tengslum við hana. Var það samþykkt samhljóða og málið tekið fyrst á dagskrá.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - Óvissustig - kórónaveira - Covid19

Farið yfir hvernig upplýsingar berast til skóla og foreldra varðandi viðbrögð við veirunni. Forstöðumönnum bæjarins er gert að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum frá almannavörnum og embætti landlæknis

2. 2002118 - Kynningar og innritun í grunnskóla 2020

Farið yfir innritunarferli grunnskólanna. Innritun og kynningar standa yfir 3.-9. mars.

3. 2002380 - Kvíði skólabarna

Rætt um næstu skref varðandi nýtingu fjarmagns sem skilgreint hefur verið til að vinna með kvíða skólabarna. Skóladeild falið að koma verkefninu í farveg í takt við umræðuna á fundinum

4. 2002027 - Skóladagatal leik- og grunnskóla 2020-2021

Lagt fram til kynningar og samþykktar. Skólanefnd bendir á að faglegar forsendur liggja til grundvallar við gerð skóladagatals og reynt að tryggja að starfsdagar grunnskóla falli ekki ítrekað á sömu vikudaga.

5. 2001391 - Ráðning skólastjóra

Skólanefnd upplýst um að Ólöf skólastjóri Flataskóla muni láta af störfum í sumar og auglýst verði fljótlega eftir nýjum skólastjóra. Skólanefnd þakkar Ólöfu farsæl störf.

6. 2002379 - Kynning á skólastarfi og samtal við skólastjórnendur

Skólanefnd þakkar Barnaskóla Hjallastefnunnar fyrir kynninguna og lýsir yfir ánægju með að kynnast skólanum og skólastarfinu með þessum hætti.

Fleira ekki gert.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
21. fundur 2020

Miðvikudaginn 11. mars 2020 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufraeðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1906094 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og

Guðbjörg Brá Gísladóttir gerði grein fyrir tillögu starfshóps um val á forgangsmarkmiðum Garðabæjar á heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Umhverfisnefnd samþykkir að áfram verði unnið með þau markmið sem starfshópurinn hefur valið.

Umhverfisnefnd þakkar starfshópnum vandaða vinnu.

2. 1911372 - Umhverfiskerfi

Við innleiðingu heimsmarkmiða er mikilvægt að hafa mælanleg markmið og styður slíkt jafnframt við umhverfisstefnur bæjarins. Umhverfisnefnd samþykkir að ganga til samninga við Klappir.

3. 1902106 - Skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum

Halldóra Hreggviðsdóttir og Hildur Kristjánsdóttir frá Alta ásamt Hlöðveri Kjartanssyni fulltrúa frá StLO kynntu greinagerð sem unnin hefur verið vegna skipulags útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum.

Umhverfisnefnd ítrekar fyrri áherslur sínar um öryggi, fjölbreytta útivist og verndargildi svæðisins

4. 2002062 - FG - Landsvæði til útikennslu og ræktunar

Umhverfisnefnd tekur vel í erindi Fjölbrautaskólans í Garðabæ og telur að hægt verði að finna landsvæði sem skólinn tæki í föstur en það þarf að vera unnið með skipulagsnefnd.

Til stendur að koma upp rafhleðslustöð við skólann í vor.

5. 2003145 - Aldingarður æskunnar

Rótarýklúbburinn Hof styrkir verkefnið Aldingarður æskunnar. Verkefnið snýst um að ræktuð verði aldintré, ávaxtatré ásamt ýmsum tegundum berjarunna við einn eða fleiri leikskóla bæjarins. Tilgangur verkefnisins er að efla vitund og virðingu ungra barna á slíkri ræktun með því að skapa fallegan trjáreit með algjöra sérstöðu. Þau fá svo að fylgjast með og njóta þeirra ávaxta sem ræktunin skilar.

Umhverfisnefnd fagnar og styður þetta verkefni.

6. 2003144 - Hreinsunaráttak 2020

Umhverfisnefnd leggur til að hreinsunaráttakið og vorhreinsun lóða verði með sama sniði og

undanfarin ár.

7. 1811108 - Fundargerðir 2018 - 2022 - Reykjanesfólkvangur

Lagt fram. Umhverfisstofnun lýsir stuðningi við að gerða verði stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn og landvörður ráðin í fullt starf.

8. 2002280 - Bráðabirgðayfirlit fyrstu vatnaáætlunar fyrir Ísland

Lagt fram.

9. 2002305 - Samspil náttúruverndar, samfélags og atvinnulífs

Málþing sem halda á í næstu viku....

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands
04. fundur 2020

Mánudaginn 25. nóvember 2019 kl. 12:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1905001HO - Rekstur 2019

Rekstur er á áætlun. Beðið er eftir niðurstöðum varðandi aukafjármagn í heimasíðugerð, fjölnotarými og stöðugildi í safnafræðslu. Farið yfir samskipti við Menntamálráðuneytið varðandi rekstur og samning við safnið, ekkert nýtt hefur komið fram en Eiríkur mun nú fylgja því eftir.

2. 1911001HO - Markaðsmál 2020

Markaðsmál safnsins og samanburður við önnur söfn, innlend og erlend, skoðuð. Markaðsmálin þurfa að fá meira vægi. Það gerist meðal annars með nýrri og betri heimasíðu sem til stendur að gera. Einnig verður á næsta ári lögð meiri áhersla á að kynna safnið fyrir ferðamönnum.

3. 1810001HO - Stefnumótun stjórnar Hönnunarsafns Íslands 2019 - 2023

4. 1903001HO - Aðsóknartölur 2019

Farið yfir aðsóknartölur 2019.

5. 1908003HO - Íslensk Myndmálssaga Safnið á Röngunni Sérsýningar

Íslensk Myndmálssaga, rannsóknarverkefni, skráning og sýning kynnt.

6. 1908004HO - Viðburðir 2019

Farið yfir viðburði safnsins fram að áramótum. Fjöldi viðburða á árinu voru 33.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.



Stjórn SSH 483. fundur

Mánudaginn 2. mars 2020, kl. 12:30, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar.

Gestir fundarins:

Inga Rún Ólafsdóttir – kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga – fundarliður 1.

Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna – fundarliður 2.

Birgir Björn Sigurjónsson Reykjavíkurborg – fundarliður 3.

Erlendur Pálsson Strætó bs. – fundarliður 14.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Málefni kjarasamninga

Gestur fundarins er Inga Rún Ólafsdóttir frá kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fer yfir gang kjaraviðræðna.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn mun áfram fylgjast með gangi viðræðna.

2. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Áframhaldandi umræða um útboð á skíðasvæðunum en á síðasta fundi stjórnar var lögð áhersla á að afla upplýsinga frá öðrum aðilum um hvernig skynsamlegt sé að nálgast verkefnið til þess að lágmarka hættu á ófyrirséðum þáttum. Nú liggja upplýsingar fyrir sem lýst er í minnisblaði frá VSÓ ráðgjöf.

Þá var framkvæmdastjóra falið að leggja fyrir fund stjórnar skipurit með skýringum skv. samstarfssamningi um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins ásamt skipuriti er varðar framkvæmdir á skíðasvæðunum. Er skipuritið lagt fyrir á fundinum til skýringa og umræðu.

Þá liggur fyrir að sveitarfélögin sem standa saman að verkefninu hafa samþykkt viðauka við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að lokið verði gerð útboðsgagna m.t.t. þeirra athugasemda sem komið hafa fram. Verða þau tekin fyrir til umræðu og afgreiðslu á fundi stjórnar þann 6. mars n.k.

Skipurit og verkefnatilhögun verkefnins er samþykkt þ.m.t. viðauki við erindisbréf verkefnahóps frá 5. mars 2018.



3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002

Farið yfir stöðu og fyrstu drög að frumvarpi um stofnun og fyrirkomulag félags um verkefni Samgöngusáttmála.

Þá er farið yfir beiðni Ragnhildar Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins er varðar tilnefningu í hóp til að undirbúa drög að samningi félagsins við Vegagerðina.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Farið yfir drög að frumvarpi en þeirri vinnu verður fram haldið í hópi með fulltrúum samningsaðila eins og farið var yfir og skipað í á síðasta stjórnarfund.

Þá samþykkir stjórn að varaformaður stjórnar, Gunnar Einarsson, verði fulltrúi SSH varðandi samning félagsins við Vegagerðina. Bakhópur verður samninganefnd SSH og aðrir sérfræðingar sem að samgöngusáttmálanum komu.

4. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1911002

Á fundi stjórnar 3. febrúar sl. var framkvæmdastjóra falið í samráði við formann að hefja viðræður við utanaðkomandi ráðgjafa vegna verkefnisins og ganga frá samningi m.v. þær grunnforsendur sem þá lágu fyrir og komu fram í minnisblaði framkvæmdastjóra. Þá einnig að leggja fram ítarlegri verkefnatilhögun á næsta fundi stjórnar.

Gengið hefur verið til samninga við ráðgjafafyrirtækið Strategiu um verkefnið og liggja nú fyrir drög að verkefnatilhögun og verkefnaáætlun verkefnisins.

Niðurstaða fundar:

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að verkefninu í samræmi við verkefnaáætlun.

5. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Á fundi stjórnar 3. febrúar var samþykkt að vinna áfram að sóknaráætlunni m.t.t. þeirra umsagna og ábendinga sem komið höfðu fram.

Fyrir liggur minnisblað svæðisskipulagsstjóra sem samið var í samráði við framkvæmdastjóra og ráðgjafa verkefnisins um þær breytingar sem gerðar voru á drögum áætlunarinnar.

Þá liggja fyrir hugmyndir að áhersluverkefnum ársins 2020.

Niðurstaða fundar:

Málinu er frestað til 6. mars n.k

6. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – samningar / málsnr. 1608006.

Á fundi stjórnar 4. nóvember 2019 fól stjórn samráðshópi velferðasviða að taka saman minnisblað um framkvæmd NPA samninga á höfuðborgarsvæðinu. Liggur minnisblaðið nú fyrir og hefur verið lagt fyrir fundinn.



Niðurstaða fundar:

Málinu er frestað til 6. mars n.k.

7. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga /málsnr. 2002003

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 17. janúar 2019 er varðar viðmiðunarreglur um framlög til stjórmmálaflokka og upplýsingar um stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð.

Með erindinu fylgja eftirfarandi gögn.

- a) Viðmiðunarreglur um samfélagslega ábyrgð
- b) Stefna um samfélagslega ábyrgð.

Niðurstaða fundar:

Frestað til næsta fundar stjórnar 6. mars 2020.

8. Efling innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma / málsnr. 2001001

Málið var áður á dagskrá stjórnar SSH 6. janúar 2020 og var framkvæmdastjóra þá falið að vinna að málinu í samráði við aðila máls.

Lagt er fram til kynningar bréf framkvæmdastjóra ásamt minnisblöðum og greinargerðum Landsnets, Slökkviliðs og almannavarna höfuðborgarsvæðisins, Orkuveitu Reykjavíkur og HS veitum er varðar ofangreint málefni skv. dagskrárlið.

Niðurstaða fundar:

Frestað til næsta fundar stjórnar 6. mars n.k.

9. Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. – fundir 418-420

Fundargerð 418. fundar Sorpu þann 30. janúar s.l. lögð fram til kynningar.
Fundargerð 419. fundar Sorpu þann 7. febrúar s.l. lögð fram til kynningar.
Fundargerð 420. fundar Sorpu þann 12. febrúar s.l. lögð fram til kynningar

10. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. – fundir 316 og 317

Fundargerð 316. fundar Strætó þann 30. janúar s.l. lögð fram til kynningar.
Fundargerð 317. fundar Strætó þann 21. janúar s.l. lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – fundur 878

Fundargerð 878. fundar SÍS þann 31. janúar s.l. lögð fram til kynningar.

12. Fundargerð stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga – fundur 553

Fundargerð 553. fundar SASS þann 17. janúar s.l. lögð fram til kynningar.

13. Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra – fundur 52

Fundargerð 52. fundar SASS þann 4. febrúar s.l. lögð fram til kynningar.



14. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Rósa Guðbjartsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson yfirgáfu fundinn. Gunnar Einarsson varaformaður tók við fundarstjórn undir þessum fundarlið.

Fyrir liggja drög að útboðsgögnum fyrir akstursþjónustu fátæks fólks á höfuðborgarsvæðinu ásamt kynningu frá Strætó bs. Erlendur Pálsson sviðsstjóri akstursþjónustu Strætó fór yfir kynningu málsins.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er af fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga að Strætó bs. fullklári útboðsgögn en þau verði síðan tekin til umræðu og afgreiðslu á fundi stjórnar 6. mars n.k.

Varaformaður sleit fundi kl: 14:30.



Stjórn SSH 484. fundur

Föstudaginn 6. mars 2020, kl. 09:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SHS, Skógarhlíð 14, Reykjavík.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005.

Áframhaldandi umræða um útboð á skíðasvæðunum en á síðasta fundi stjórnar var ákveðið að taka til umræðu og afgreiðslu endurnýjuð útboðsgögn.

Fyrir liggja drög að útboðsgögnum og uppfært minnisblað frá VSÓ ráðgjöf vegna rýni á verkefnisnálgun og útboðsgögn.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að útboð fari fram að loknum kynningum hjá þeim sveitarfélögum sem óskað hafa eftir frekari kynningu á málinu.

2. Sóknaaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Á fundi stjórnar 3. febrúar var samþykkt að vinna áfram að sóknaaráætlunni m.t.t. þeirra umsagna og ábendinga sem komið höfðu fram.

Fyrir liggur minnisblað svæðisskipulagsstjóra sem samið var í samráði við framkvæmdastjóra og ráðgjafa verkefnisins um þær breytingar sem gerðar voru á drögum áætlunarinnar.

Þá liggja fyrir hugmyndir að áhersluverkefnum ársins 2020.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir sóknaaráætlun fyrir árin 2020-2024 en ákvörðun um endanleg áhersluverkefni ársins 2020 verða tekin fyrir á næsta fundi stjórnar. Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að nánari skilgreiningu áhersluverkefna.

3. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – samningar / málsnr. 1608006.

Á fundi stjórnar 4. nóvember 2019 fól stjórn samráðshópi velferðasviða að taka saman minnisblað um framkvæmd NPA samninga á höfuðborgarsvæðinu. Liggur minnisblaðið nú fyrir og hefur verið lagt fyrir fundinn.

Umræður



Niðurstaða fundar:

Umræða um málið mun halda áfram á vettvangi stjórnar.

4. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga /málsnr. 2002003

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 17. janúar 2019 er varðar viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka og upplýsingar um stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð.

Með erindinu fylgja eftirfarandi gögn.

- a) Viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka.
- b) Stefna um samfélagslega ábyrgð.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar. Stjórn vill koma því á framfæri að ekki verður séð nauðsyn þess að setja fram leiðbeiningar umfram það sem lagt var til í frumvarpi um málið.

5. Efling innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma / málsnr. 2001001

Málið var áður á dagskrá stjórnar SSH 6. janúar 2020 og var framkvæmdastjóra þá falið að vinna að málinu í samráði við aðila máls.

Lagt er fram til kynningar bréf framkvæmdastjóra ásamt minnisblöðum og greinagerðum Landsnets, Slökkviliðs og almannavarna höfuðborgarsvæðisins, Orkuveitu Reykjavíkur og HS veitum er varðar ofangreint málefni skv. dagskrárlið.

Umræða.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að skoða hvort framkvæmdalisti ríkisstjórnarinnar vegna málsins sé í samræmi við greinagerð SSH.

6. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Rósa Guðbjartsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson yfirgáfu fundinn. Gunnar Einarsson varaformaður tók við fundarstjórn undir þessum fundarlið.

Fyrir ligga drög að útboðsgögnum fyrir akstursþjónustu faltaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu en drögin eru núna í yfirlestri hjá innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Þá liggur fyrir kynning frá Strætó bs. frá síðasta fundi.

Þá liggja fyrir tillögur aðildarsveitarfélaganna um fulltrúa þeirra í stjórn akstursþjónustu.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er af fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga að Strætó bs. fari í útboð á þjónustunni að lokinni yfirferð innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar á útboðsgögnunum.



Í stjórn akstursþjónustu samþykkja sveitarfélögin eftirfarandi aðila:

Þórdís Linda Guðmundsdóttir, deildarstjóri málefni fatlaðs fólks, Væðarsviði Reykjavíkur.
Til vara: Elsa Guðrún Jóhannesdóttir, deildarstjóri, fjármáladeild, Væðarsviði Reykjavíkur.

Agnes Sif Andrésdóttir, fjármálastjóri, væðarsviði Reykjavíkur.
Til vara: Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri, Væðarsvið Reykjavíkur.

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri Garðabæjar.
Til vara: Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri Seltjarnarnesbæ.

Unnur Ingólfssdóttir félagsmálastjóri Mosfellsbæjar.
Til vara: Baldur Pálsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Seltjarnarnesbæ.

Undirritaðaðir voru síðan samningar og önnur skjöl er málið varðar milli sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert.

Varaformaður sleit fundi kl: 10:30.

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Garðabæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 15.859 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 15.025 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,70% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,2% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var jákvæð um 513 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 98 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2019 nam 17.772 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 15.561 millj. kr.

Sveitarfélagið birtir yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar er settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, *Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf*.

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Garðabæ, 17. mars 2020

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2019 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Garðabæ,

2020

Bæjarstjórn: